


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Uppeldisfræði (UPPE2UK05) í fjarnámi Námsáætlun (Vorönn 2018)	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Nafn kennara:	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.stöfun:	HRS
----------------------	---------------------------------	-------------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á kynningu á fræðigreininni uppeldis- og menntunarfræði, fjallað um sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir. Nemendur kynnst hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekkttra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólustarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Rousseau, Vygotsky, Fröbel, Margrét Pála, Montessori og Dewey. Nemendur læra um þroskaferil barna og unglunga, áherslur á þróun sjálfins, vitsmuna-, siðgæðis- og félagsþroska. Má þar nefna Piaget, Freud, Kohlberg og Selman. Fjallað verður um kynhlutverk og helstu birtingamyndir s.s. í fjölskyldum, fjölmiðlum, auglýsingum o.s.frv. Mikilvægi hreyfingar, næringar og svefnis fyrir börn og unglunga. Samskipti og breytingar í lífi fjölskyldunnar eru skoðaðar og samskipti almennt t.d. í vinahópum, íþróttafélögum og skólum. Mikilvægt er að nemandinn fái þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að leita upplýsinga, vinna úr gögnum, kynna niðurstöður skriflega og/eða munnlega, einnig er lögð áhersla á samvinnu.


Markmið:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum
- gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag
- aðalatriðum í sögu uppeldis og menntunar
- grundvallarhugmyndum nokkurra uppeldisfræðinga
- leiðum til að útskýra þroskaferil barna
- kynhlutverkum og áhrifum samfélagsmiðla
- mikilvægi alhliða hreyfingar og heilbrigðra lífshátta
- mikilvægi jákvæðra samskipta í fjölskyldum og samfélaginu almennt
- meginþáttum í leikskólustarfsemi

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla eigin hugmyndum um uppeldi
- meta ólík sjónarmið til uppeldisaðferða
- greina áhrif auglýsinga, kvikmynda, tónlistar o.fl. á hugmyndir um staðalmyndir og kynhlutverk
- skoða mismunandi framboð á íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og unglunga
- greina vandamál sem koma upp í samskiptum barna, unglunga og fullorðinna
- skoða innra starf leikskóla

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Uppeldisfræði (UPPE2UK05) í fjarnámi Námsáætlun (Vorönn 2018)	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leggja gagnrýnið mat á hvað er líklegt til árangurs í uppeldi barna og unglunga
- hagnýta þær kenningar sem fjallað hefur verið um og sett fram í raunhæfum verkefnum
- yfirfæra umfjöllun um áhrif samfélagsmiðla á eigið líf
- leysa þau vandamál sem upp geta komið í samskiptum á ábyrgan hátt og setja sig í spor annarra
- taka þátt í málefnalegum umræðum um uppeldi og færa skýr rök fyrir afstöðu sinni
- meta eigin frammistöðu og vinnuframlag sem og annarra á gagnrýninn hátt og setja fram þekkingu sína í ræðu og riti


Námsgögn:

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir: *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 3. útg. 2006.

Mál og menning. Kaflar: 1 – 5. **Annað kennsluefni** afhent í tíma. **Kennslutilhögun:** Fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og verkefni.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
3	1. kafli: Uppeldi – Uppeldisfræði	Skiladagur 21. jan. Verkefni um almennt uppeldi 5%
4	2. kafli: Uppeldi og menntun í aldanna rás.	Skiladagur 28. jan. Kynning 10%
5	Könnun úr köflum eitt og tvö	Skiladagur 4. feb. Moodlepróf úr 2. kafla 10%
6	3. kafli: Þroskaferill barnsins	Skiladagur 11. feb. Tilraun 10%
7	Hreyfing, næring og svefn barna og unglunga	Skiladagur 18. feb. Greinagerð 10%
8 - 9	4. kafli: Kynhlutverk og uppeldi	Skiladagur 4. mars. Verkefni – Hugtök 10%
10	Könnun úr köflum þrjú og fjögur	Skiladagur 11. mars. Próf úr köflum 3. - 4. 10%
11	Samfélagsmiðlar	Skiladagur 18. mars Þemaverkefni 10%
12	5. kafli: Samskipti foreldra og barna	Skiladagur 25. mars. Handrit að leikriti 5%
13	Páskafri	
14	13. kafli: Hjónaskilnaðir	Skiladagur 8. apríl. Verkefni 5%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		
Uppeldisfræði (UPPE2UK05) í fjarnámi		
Námsáætlun (Vorönn 2018)		

15	Könnun úr kafla fimm, þrettán og umfjöllun um samfélagsmiðla	Skiladagur 15. apríl. Próf úr köflum 5., 13. og samfélagsmiðlum 10%
16 – 18	Vinna við lokaverkefni	Lokaverkefni 15% Skil: 6. Maí.


Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Kaflapróf	Þrjú kaflapróf 3 x 10% (tvö bestu gilda).		20 %
Verkefni	Almennt um uppeldi og viðhorf nemenda til þess.		5 %
Kynning	Kynntur kennismiður í uppeldisfræðum (sett á Moodle fyrir aðra nemendur)		10 %
Skýrsla	Nemendur kynna sér þroskaferil barns og prófa hann.		10 %
Greinagerð	Valin tímaritsgrein og fjallað um.		10 %
Hópaverkefni	Valið efni þar sem lagt verður áhersla á kynhlutverk.		10 %
Þemaverkefni	Tengt samfélagsmiðlum, jafnrétti og mannréttindum		10 %
Handrit	Nemendur búa til handrit um dæmigerða samskiptaklípu foreldra og barna.		5%
Verkefni	Verkefni tengt kaflanum um hjónaskilnaði		5 %
Lokaverkefni	Verkefni úr völdu efni		15 %
	Samtals:		100%
Annað: Nemendur þurfa að skila öllum námsmatsþáttunum til að ljúka áfanganum.			

Nemendur vinna verkefni og skila í skilakassa á Moodle ekki síðar en á sunnudögum kl. 23:59

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.

Dagsetning: 13. janúar 2018


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils